

## 29. Hvammsvirkjun<sup>1</sup>

Uppsett afl Hvammsvirkjunar verður 82 MW og orkugeta hennar verður um 665 GWh/ári. Inntakslón Hvammsvirkjunar, Hagalón, verður myndað með stíflu í Þjórsá ofan við Minnanúpshólma og stíflugörðum á austurbakka árinna. Stöðvarhús verður staðsett nærri norðurenda Skarðsfjalls í Landsveit í landi Hvamms og verður það að mestu leyti neðanjarðar. Frá inntaksmannvirkjum við Hagalón liggja um 400 m löng aðrennsligöng að virkjuninni. Frá virkjun fellur vatnið um jarðgöng og síðan opinn skurð til Þjórsár neðan við Ölmóðsey.

### Yfirlitstafla

#### Vatnasvið og rennsli

Stærð vatnasviðs	7.578 km <sup>2</sup>
Meðalrennsli	332 m <sup>3</sup> /sek
Virkjað rennsli	310 m <sup>3</sup> /sek
Lágmarksrennsli í farvegi	10 m <sup>3</sup> /sek
Reiknað 100 ára flóð	1.700 m <sup>3</sup> /sek

#### Mannvirki

Lónhæð Hagalóns	116 m y.s.
Lónstærð við þá hæð	4,6 km <sup>2</sup>
Rúmmál lóns	15,5 Gl
Stíflur og garðar, lengd	3.500 m
Mesta hæð	16 m
Frárennsligöng	1.800 m
Efni úr göngum og stöðvarhúsi	370.000 m <sup>3</sup>
Frárennslisskurður (lxb)	900 m, 11,0 m

#### Orka og afl

Virkjað fall	32 m
Orkugeta	665 GWh/ári
Samtals afl hverfla (2 Kaplan)	82 MW

#### Kostnaður

Hagkvæmniflokkur	4
------------------	---

Í mati á umhverfisáhrifum var Hvammsvirkjun kynnt í matskýrslunni “Virkjun Þjórsár við Núp, allt að 150 MW og breyting á Búrfellslínu 1, Landsvirkjun apríl 2003”. Í þeirri skýrslu voru lagðir fram tveir jafngildir kostir. Annars vegar virkjun 56 m falls í einu þrepi í Núpsvirkjun og hins vegar virkjun samtals 50 m falls í tveimur þrepum í Hvammsvirkjun og Holtavirkjun.

Hvammsvirkjun er kynnt nánar á vefnum [www.þjórsá.is](http://www.þjórsá.is) og þar er hægt að nálgast matskýrsluna, úrskurð Skipulagsstofnunar, úrskurð umhverfisráðherra og fleiri skýrslur um framkvæmdina.

<sup>1</sup> Sjá nánar á vefsíðu: [www.þjórsá.is](http://www.þjórsá.is)

# Hvammur 82 MW

